

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN  
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES

EINAR HANNESSON

VEIÐIFÉLAG —  
SAMTÖK VEIÐIRÉTTARHAFA  
Á LAXI

---

REYKJAVÍK 1982  
RÍKISPRENTSMIDJAN GUTENBERG

*Elstu ákvæði laga um sérstök samtök um veiði eru frá árinu 1886 og bera yfirskriftina: Friðun á laxi. Þar var heimiluð stofnun félags eigenda við á, ef meirihluti þeirra vildi, að veiða í félagi, til að koma á meiri friðun en lög ákváðu. Svipuð ákvæði gagnvart silungsveiði komu í lög árið 1909, er nefndust: Samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vönum.*



Árið 1929 voru samþykkt lög um sérstök fiskrættarfélög, þar sem mönnum er veidirétt eiga í sama fiskihverfi var heimilað að gera með sér félagsskap um fiskrækt. Nokkrum árum síðar þegar hin gagnmerka, ítarlega veiðilöggjöf 1932 var í undirbúningi, voru fyrrgreind ákvæði um fiskrættarfélög felld inn í löggjöfina og einnig var bætt inn í hana ákvæðum um veiðifélög. Veiðifélögin höfðu vald til að ráðstafa veiði, en til þess að stofna slíkt félag, þurftu  $\frac{2}{3}$  ábúenda jarða á svæðinu að samþykkja félagsstofnunina.

#### **Veiðivatn — líffræðileg heild.**

Eins og kunnugt er, mynda ár og vötn eina líffræðilega heild og sá fiskur, sem lifir á svæðinu eða gengur um það, fram og tilbaka, er því sameign allra, sem land eiga að

því svæði. Til þess að **koma í veg fyrir að ofnýting eigi sér stað** og ekki síður hitt, til að opna möguleika á að tryggja eðlilegt viðhald og aukningu fiskistofnsins þarf að vera fyrir hendi samstaða allra hlutaðeigandi. Þar kemur veiðifélag einmitt til skjalanna: það á að tryggja þetta, ásamt því að veiðihlut eða arði af veiði sé sanngjarnt skipt milli aðila og í því efni gildir arðskrá veiðifélags. Í þessu sambandi ber að hafa í huga annan aðaltilgang lax- og silungsveiðilaga sem sé **að jafna veiði milli veiðieigenda.**

Algengast er að félagssvæði veiðifélags taki yfir heilt fiskihverfi nema sérstaklega standi á. Þá ná sum félög til fleiri en eins fiskihverfis og gildir það eingöngu um vatnaklasa á afrétti, sem sömu aðilar eiga hlutdeild í. Félag tekur ætíð til allrar veiði á félagssvæðinu. Í sumum tilvikum tekur félag yfir stærra svæði en fiskihverfi, enda sé ætlunin að gera fiskgengt, og/eða nýta hrygningar- og uppeldissvæði ofan ófiskengra fossa.

#### **Jafn atkvæðisréttur.**

Atkvæðisréttur í veiðifélagi er bundinn við ábuendur lögbýla og eigendur eyðjarða. Þó eru takmarkanir á þessu. Ef maður býr á fleiri en einni jörð, ber honum aðeins eitt atkvæði. Hið sama gildir,

ef maður á fleiri en eina jörð, ber honum aðeins eitt atkvæði. Um afreittarfélagin svonefndu gildir það, að fyrir hvert lögbýli, sem upprekstur á á afrétt, kemur eitt atkvæði en þó með fyrrgreindum takmörkunum.

Alþingi ákváð árið 1970 að lögbinda stofnun veiðifélags, en áður höfðu ákvæði um fiskrættarfélög verið felld út, en veiðifélagum gert að skyldu að stunda fiskrækt. Er því skylda að koma á fót veiðifélagi um allar ár og vötn í landinu, svo fremi að fleiri en tveir aðilar eigi hlut að máli.

#### **146 veiðifélög í landinu.**

Við gildistöku laganna 1970 voru veiðifélög 70 talsins, en nú eru þau 146 að tölu, og hefur fjöldi þeirra því tvöfaldast á þessu 10 ára tímabili. Af veiðifélagunum eru 14 sem taka eingöngu til stöðuvatna. Hins vegar eru um 30 félög sem auk ána ná einnig yfir stöðuvötn.

Veiðifélögin skiptast þannig á landslutana (kjördæmin): Reykjanes 6, Vesturland 39, Vestfirðir 21, Norðurland vestra 27, Norðurland eystra 20, Austurland 12 og Suðurland 21.

Félög er taka eingöngu til stöðuvatna eru á eftirtöldum svæðum: Elliðavatn, Skorrdalsvatn, Reyðarvatn, vötn á Arnarvatnsheiði, vötn á Auðkúluheiði, vötn á

Grimstunguheiði, Höfðavatn í Skagafirði, Mývatn, vötn á Skaft-ártunguafretti, vötn á Landmannaafretti, vötn á Holtamannaafretti, Hvítárvatn, Úlfjótuvatn og Þingvallavatn.


#### Heimastjórn.

Veiðifélag er ábyrgur aðili veiðieigenda á ákveðnu svæði, einskona heimastjórn þessara mála. Þar eru málin rædd sameiginlega og þó að skoðanir séu skiptar og málin viðkvæm, komast menn að niðurstöðu um ráðstöfun veiði og fiskrækt, en það eru verkefni veiðifélagsins, eins og kunnugt er.

#### Skipuritið.

Grein þessari fylgir skipurit er sýnir flesta grundvallar- og starfsþætti veiðifélags. **Samþykkt** og **arðskrá** félagsins eru kjölfestan. Að öðru leyti skýrir skipuritið sig sjálft. Þó má nefna nokkur atriði til viðbótar því sem þar stendur og eru mikilvæg í starfsemi veiðifélags. Þetta eru veiðihús, kort af veiðisvæðinu, loftmynd af félagsvæðinu ásamt upplýsingum um landlengd hvarrar jarðar og vegagerð, til að greiða fyrir för að veiðistöðum.

Með hinni félagslegu stjórnun hefur margt áunnist til umbóta og viðhalds á veiði og verðmæti veiðinnar vaxið. Krefst þetta mikils þegnskapar af veiðieigendum, sem verða allir að hverfa að einu ráði sem meirihlutinn ákveður. Í umræðu um eign á veiðirétti og nýtingu virðist oft gæta ókunnugleika á þessu miklvæga fyrirkomulagi, sem tryggir m. a. almennari og opnari nýtingu veiði og þar með stangeiði fyrir þá fjölmörgu, sem



Skipurit sem sýnir flesta þætti í starfi veiðifélags.

veiðiskpa vilja stunda. Er vandséð að annað fyrirkomulag henti betur.

Veiðifélag er einskona atvinnutæki, sem stuótar að blómlegri byggð í sveitum og leggur sitt af mörkum í þjóðarbuíð bæði beint og óbeint.

Starfið framundan hjá okkur sem störfum að þessum málum snýst um það að vera þeim félögum, sem þegar eru starfandi, til

aðstoðar og leiðbeiningar, eftir því sem aðstaða er til, og hvetja til og hjálpa við undirbúning að stofnun nýrra veiðifélaga. Áætlun sem við höfum gert á Veiðimálastofnun bendir til þess að það þurfi að stofna um 60 félög til viðbótar þeim tæplega 150 sem þegar eru komin, til þess að siemilega sé fullnægt því ákvæði laga, er lögbundur veiðifélag við allar ár og vötn í landinu.